



Spáum 0,2% hækkun vísitölu neysluverðs í mars

Hagstofan birtir marsmælingu vísitölu neysluverðs (VNV) þriðjudaginn 28. mars. Hagfræðideild Landsbankans spáir því að vísitalan hækki um 0,2% milli mánaða. Gangi spáin eftir lækkar ársverðbólgan úr 1,9% í 1,8%.

Reiknað er með því að eftirfarandi þættir hafi mest áhrif til hækkunar vísitölunnar:

- **Reiknuð húsaleiga** (+0,25 prósentustig). Seinustu þrjá mánuði hefur þessi liður hækkað að meðaltali um 1,5% milli mánaða. Við gerum ráð fyrir að hækkunin nú verði í takti við það.
- **Föt og skór** (+0,19 prósentustig). Ólíkt seinustu árum hafa vetrarútsölnurnar teygst sig inn í febrúar. Við gerum ráð fyrir einhverri hækkun nú, en að aukin verðsamkeppni vegna tilvonandi innkomu H&M, vaxandi netverslunar og aukinna utanlandsferða dragi verulega úr svigrúmi til hækkana.
- **Flugfargjöld til útlanda** (+0,06 prósentustig). Við gerum ráð fyrir 5% hækkun milli mánaða sem er svipað og á seinasta ári.


Eftirfarandi þættir hafa mest áhrif til lækkunar:

- **Húsgögn og heimilisbúnaður** (-0,12 prósentustig). Í lok febrúar lækkaði IKEA verð á húsbúnaði um 10% að meðaltali.
- **Bensín** (-0,08 prósentustig) Samkvæmt verðmælingu okkar lækkaði smásöluverð á bensíni og díselolíu um 2% milli mánaða.
- **Póstur og sími** (-0,06 prósentustig). Farsíma- og internetþjónusta hefur lækkað nokkuð það sem af er ári.

Verð á evru hefur lækkað um 4,3% milli mælinga á vísitölunni, Bandaríkjadalur hefur lækkað um 3,7% og breska pundið lækkað um 6,2%.


Spáin nú er 0,2 prósentustig lægri en bráðabirgðaspá okkar frá því í febrúar.

Niðurbrot á spá Hagfræðideildar



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans

Mánaðarbreyting VNV í mars



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Gerum ráð fyrir um 1,5% verðbólgu

Bráðabirgðaspá fyrir næstu þrjá mánuði:

- **Apríl: +0,1%**
Húsnæðisliðurinn er til hækkunar, matur og drykkjarvörur og póstur og sími til lækkunar.
- **Maí: +0,1%**
Húsnæðisliðurinn er til hækkunar, flugfargjöld til útlanda til lækkunar.
- **Júní: +0,2%**
Húsnæðisliðurinn er til hækkunar, flugfargjöld til útlanda til lækkunar.


Gangi spá okkar eftir verður ársverðbólgan 1,4% í júní.

Húsnæðisverð og krónan áhættuþættir

Helstu áhrifþættir sem við horfum til varðandi þróunina næstu mánuði eru eftirfarandi:


- Óvissa um þróun á gengi krónunnar jókst nokkuð í kjölfar tilkynningar um afléttingu hafta um seinustu helgi. Við gerum sem fyrr ráð fyrir rólegri styrkingu krónunnar. Verði raunin önnur og krónan taki að veikjast mun það að sjálfsögðu þýða hærri verðbólgu.
- Hækkun húsnæðisverðs er aðaldrifkraftur verðbólgunnar nú. Við gerum ráð fyrir að hækkunir næstu mánuði verði svipaðar og verið hefur seinustu mánuði. Hækki húsnæðisverð meira mun það að öðru óbreyttu þýða hærri verðbólgu.
- Búast má við aukinni verðsamkeppni samhliða opnun á Costco og H&M hér á landi. Hversu mikil áhrif þetta hefur á verðlag á eftir að koma í ljós.
- Launahækkanir á seinasta ári skiluðu sér ekki nema að litlu leyti inn í verðlag. Óvíst er að sú verði einnig raunin í ár, en samkvæmt kjarasamningum eiga laun flestra launþegahópa að hækka töluvert í maí.

Vísitala neysluverðs




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innflutt og innlend verðbólga



Heimild: Hagstofa Íslands

Gengisþróun



Heimild: Thomson Reuters Datastream



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.